

Hulda Kristjánsdóttir

From: Landsbankinn <Landsbankinn@landsbankinn.is>
Sent: fimmtudagur, 27. mars 2025 14:30
To: Sveitarstjóri Flóahrepps
Subject: Bókun sveitarstjórnar um lánamál Landsbankans
Attachments: Svar við bréfi Flóahrepps.pdf

Góðan dag,
sjá meðfylgjandi frá Lilju Björk Einarsdóttur, bankastjóra Landsbankans.

Með kveðju,

Landsbankinn
Sími : (+354) 410 4000
www.landsbankinn.is

Fyrirvari/Disclaimer: <https://www.landsbankinn.is/disclaimer>



Reykjavík, 27. mars 2025

Ágæta sveitarstjórn

Vísað er til bréfs sem barst 13. febrúar síðastliðinn með bókun sveitarstjórnar um lánamál Landsbankans á 312. fundi sveitarstjórnarinnar en efni bréfsins varðar lánveitingar Landsbankans á svæðum sem skilgreinast sem dreifbýli. Það er mikilvægt að byrja á því að leiðrétta það sem rætt hefur verið og staðfesta að Landsbankinn veitir sannarlega íbúðalán vegna íbúðarhúsnæðis í dreifbýli. Útlán bankans vegna slíkra eigna nema um 27 milljörðum króna.

Umræðan hefur líka snúist um kröfur bankans til slíkra lánveitinga og að það sé ekki í öllum tilvikum lánað til íbúðarhúsnæðis í dreifbýli. Það er rétt að það er ekki gert, ekki frekar en í tilfelli annarra íbúðalána. Hvað varðar íbúðalán vegna húsnæðis í skilgreindu dreifbýli þarf að skoða hvert tilvik og meta það sjálfstætt þar sem aðstæður geta verið mjög misjafnar á milli svæða.

Við mat bankans á áhættu vegna lánveitingar í dreifbýli leggur bankinn meðal annars mat á möguleika á endursölu, verðmæti þeirrar eignar sem lánað er fyrir og taka þarf tillit til þátta sem varða aðgengi að húsnæðinu, aðgengi að vatns- og rafmagnsveitu og þjónustu sveitarfélaga. Við leggjum okkur fram við að gæta samræmis í því mati þannig að við séum með sambærilega nálgun, óháð því í hvaða landshluta lánveitingin er.

Við mat á því hvort húsnæði uppfylli þessi viðmið, reiðum við okkur á starfsfólk okkar í útibúum bankans um allt land. Í Árnessýslu er bankinn með þrjá afgreiðslustaði, á Selfossi, í Þorlákshöfn og Reykholti og hjá okkur er því mikil þekking á aðstæðum í sýslunni.

Í bréfi ykkar ræðið þið um þá miklu húsnæðisuppbyggingu sem á sér stað í Flóahreppi. Bankinn er svo sannarlega tilbúinn að styðja við hana og mun gera það. Varðandi ósk um að við endurskoðum verklag okkar, þá er það svo að það er reglulega endurskoðað. Það er líka svo að aðstæður í dreifbýli geta breyst, til dæmis með breytingum á þeirri þjónustu sem er þar í boði og innviðum. Við tökum að sjálfsgöðu tillit til slíkra breytinga við okkar mat og þökkum fyrir ábendingar sveitastjórnarinnar í þeim efnum.

Við í Landsbankanum erum stolt af því að þjónusta bankans á landsbyggðinni er í algjörum sérflokki en alls rekur bankinn 29 útibú og afgreiðslur utan höfuðborgarsvæðisins. Landsbankinn er einn fárra banka í heiminum sem hefur fundið leið til þess að sameina mannlega þjónustu og þægilega stafræna bankþjónustu.


Áhersla okkar á að vera til staðar um allt land hefur mælst vel fyrir og á að okkar mati stóran þátt í því að bankinn hefur mjög sterka markaðshlutdeild á landsbyggðinni, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Viðskiptavinir hafa aðgang að banka og geta fengið þjónustu á staðnum en við höfum líka gert starfsfólki á landsbyggðinni kleift að sinna verkefnum fyrir viðskiptavinum óháð staðsetningu. Með þessu viljum við mæta ólíkum þörfum viðskiptavina en um leið styður stefnan við starfsemina í útibúanetinu um land allt. Starfsemi bankans styður jafnframt vel við fyrirtæki á landsbyggðinni. Ég er persónulega mjög stolt af því að við höfum fundið leið til þess að nýta þá dýrmætu þekkingu sem starfsfólk útibúa býr yfir og skapa starfsvettvang fyrir fólk um land allt. Um leið styðjum við starfsemi fyrirtækja, sveitarfélaga og uppbyggingu á landsbyggðinni.

Ég þakka að lokum fyrir bréfið og fullvissa ykkur um að það verður vel tekið á móti þeim sem hyggja á íbúðarhúsnæðisbyggingu í Flóahreppi í útibúi okkar á Selfossi þar sem við förum vel yfir hvert mál fyrir sig.

Bestu kveðjur,

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans.

Öruggara Suðurland



Ársfundur Öruggara Suðurlands 2025

Haldinn verður árlegur fundur Öruggara Suðurlands í Hótel Kötlu í Vík í Mýrdal, þriðjudaginn 8. apríl klukkan 11:00.

Dagskrá

- Greint verður frá vinnu framkvæmdateymis frá síðasta fundi þann 18. apríl 2024.
- Tilnefningar í framkvæmdateymi Öruggara Suðurlands.
- Önnur mál.

11:45

Léttur hádegisverður

- Kynntar verða helstu niðurstöður skýrslu vinnuhóps um hópamyndun og áhættuhegðun ungmenna.
- Kynntar verða tillögur nemendafélaga grunnskóla á Suðurlandi um forvarnarstarf í skólum.
- Sigríður Björk Guðjónsdóttir, ríkislögreglustjóri. Afbrotavarnir og svæðisbundið samráð.
- Umræður.

Áætluð fundarlok klukkan 14:30.

Hulda Kristjánsdóttir

From: Halldóra Viðarsdóttir <halldora.vidarsdottir@althingi.is>
Sent: þriðjudagur, 18. mars 2025 13:29
Subject: Til umsagnar 158. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

18. mars 2025
Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar 158. mál – Borgarstefna.

Umsagnaraðilar geta sent umsögn í gegnum umsagnagátt Alþingis: umsagnir.althingi.is.
Frestur til að senda inn umsögn er til og með 1. apríl nk.

Tekið skal fram að þeim sem fá mál til umsagnar er ekki skylt að bregðast við og ekki þarf að senda sérstaka tilkynningu ef engar athugasemdir eru.

Umsagnir og gögn um þingmálið birtast á vef Alþingis undir **erindi og umsagnir** á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis.

Kveðja,



Halldóra Viðarsdóttir
Sérfræðingur og ritari forseta
Stoðteymi
563 0500



Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.
Fyrirvari/Disclaimer

Hulda Kristjánsdóttir

From: Halldóra Viðarsdóttir <halldora.vidarsdottir@althingi.is>
Sent: fimmtudagur, 20. mars 2025 14:59
Subject: Til umsagnar 161. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

20. mars 2025
Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar 161. mál – Rannsóknir á jarðlögum og hafsbotni á fyrirhugaðri gangaleið milli lands og Vestmannaeyja.

Umsagnaraðilar geta sent umsögn í gegnum umsagnagátt Alþingis: umsagnir.althingi.is.
Frestur til að senda inn umsögn er til og með 3. apríl nk.

Tekið skal fram að þeim sem fá mál til umsagnar er ekki skylt að bregðast við og ekki þarf að senda sérstaka tilkynningu ef engar athugasemdir eru.

Umsagnir og gögn um þingmálið birtast á vef Alþingis undir **erindi og umsagnir** á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis.

Kveðja,



Halldóra Viðarsdóttir
Sérfræðingur og ritari forseta
Stoðteymi
563 0500



Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.
Fyrirvari/Disclaimer